

REGLUR UM HAGSMUNAÁREKSTRA

I. kafli: Almennt

1. TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

Arion banki veitir alhliða bankþjónustu sem óhjákvæmilega felur í sér hættu á hagsmunaárekstrum. Með hagsmunaárekstrum er hér átt við aðstæður sem upp geta komið þegar bankinn tekur að sér að þjóna hagsmunum tveggja eða fleiri aðila (þ.m.t. eigin hagsmunum), og er í aðstöðu til að láta tiltekinn aðila njóta betri stöðu á kostnað annars umbjóðanda.

Það er stefna Arion banka að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir þá hagsmunaárekstra sem geta komið upp í starfsemi og skaðað geta hagsmuni umbjóðenda bankans. Tilgangur reglna um hagsmunaárekstra er að vernda hagsmuni umbjóðenda og standa vörð um orðspor og trúverðugleika bankans og starfsmanna hans með því að draga úr hættu á hlutdrægni við meðferð og afgreiðslu mála.

Bankinn leggur ríka áherslu á að starfað sé eftir fyrirfram skilgreindu verklagi sem tryggir að brugðist sé rétt við og með samræmdum hætti þegar hagsmunaárekstrar koma upp. Reglur þessar lýsa aðferðum bankans varðandi greiningu hagsmunaárekstra og ráðstöfunum sem beitt er til að stýra þeim.

Reglurnar byggja á lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, reglugerð nr. 995/2007, um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja, stefnu bankans um hagsmunaárekstra, auk laga nr.118/2016, um fasteignalán til neytenda. Reglurnar skal skoða með hliðsjón af reglum um aðskilnað starfssviða og reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga.

Reglurnar gilda um hagsmunaárekstra sem upp geta komið í tengslum við verðbréfabjónustu eða aðra þjónustu í nánnum tengslum við hana.

Óska skal eftir álitni regluvörslu ef upp koma vafaatriði við framkvæmd reglna þessara.

2. ORÐSKÝRINGAR

Í reglum þessum merkir:

- **Umbjóðandi:** Víðskiptavinur (einstaklingar og lögaðilar) sem bankinn veitir, hyggst veita eða hefur veitt verðbréfabjónustu eða aðra þjónustu í nánnum tengslum við hana, og einstaklingar sem eiga lánvíðskipti sem falla undir lög nr.118/2016, um fasteignalán til neytenda
- **Verðbréfabjónusta:** Samanber skilgreining á verðbréfavíðskiptum í 1. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, t.d. miðlun og framkvæmd fyrir mæla, eignastýring og fjárfestingarráðgjöf
- **Tengdur aðili:** Aðili sem er beint eða óbeint tengdur Arion banka í gegnum yfirráð, s.s. móðurfélag eða dótturfélög
- **Starfsmaður:** Stjórnarmaður, starfsmaður, eða hver sá einstaklingur sem starfar undir stjórn bankans og á þátt í að veita verðbréfabjónustu

II. kafli: Greining hagsmunaárekstra og viðeigandi ráðstafanir

3. GREINING HAGSMUNAÁREKSTRA

Bankinn greinir hvaða aðstæður það eru sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum sem hafa í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri víðskiptavina bankans skaðist.

Greindir eru þeir hagsmunaárekstrar sem geta komið upp:

- Milli Arion banka (þ.m.t. tengdra aðila) og umbjóðenda
- Milli starfsmanna (þ.m.t. allra einstaklinga sem starfa undir stjórn bankans) og umbjóðenda
- Milli umbjóðenda bankans innbyrðis

Þannig metur bankinn hvort hann eða starfsmaður hans:



- Sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað umbjóðanda
- Hafi hagsmuna að gæta af niðurstöðu þeirrar þjónustu sem umbjóðanda er veitt, sem eru aðgreindir frá hagsmunum umbjóðanda að því er varðar niðurstöðuna
- Hafi fjárhagslegan hvata eða annars konar hvata til þess að setja hagsmuni annars umbjóðanda eða hóps umbjóðenda framur hagsmunum hlutaðeigandi umbjóðanda
- Stundi sams konar rekstur og umbjóðandinn
- Þiggur eða mun þiggja umbun í tengslum við þjónustu sem veitt er umbjóðanda í formi peninga, vara eða þjónustu, annarrar en venjubundinna umboðslauna eða þóknana fyrir þjónustuna, frá öðrum en umbjóðandanum

Hagsmunaárekstrar geta verið raunverulegir, fyrirsjáanlegir eða hugsanlegir. Þá getur skyldan til að gæta hagsmuna umbjóðanda varað eftir að viðskiptasambandi lýkur.

Sérhver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að greindar séu aðstæður sem geta haft í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri umbjóðenda skaðist á viðkomandi starfssviðum. Framkvæma skal greiningu hvenær sem tilefni er til, s.s. við breytingar á skipulagi eða þjónustu, þó eigi sjaldnar en árlega.

4. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ VERNDA HAGSMUNI UMBJÓÐENDA

Ef fyrir hendi er hættu á hagsmunaárekstri skal grípa til viðeigandi ráðstafna í því skyni að stjórna aðstæðum svo hagsmunir umbjóðenda skaðist ekki. Viðeigandi ráðstafanir skulu tryggja að starfsmenn bankans starfi af nauðsynlegu sjálfstæði og fela m.a. í sér eftirfarandi:

- Aðskilnað viðeigandi starfssviða í því skyni að koma í veg fyrir og stýra upplýsingastreymi milli starfsmanna sem stunda starfsemi sem hefur í för með sér hættu á hagsmunaárekstrum
- Eftirlit með starfsmönnum sem annast verkefni fyrir hönd umbjóðenda, hverra hagsmunir geta stangast á, eða koma að öðru leyti fram fyrir aðra hagsmuni sem geta skarast, þ.m.t. hagsmuni bankans
- Að engin bein tengsl eru milli þóknunar starfsmanna tveggja starfssviða, þar sem til hagsmunaárekstra gæti komið
- Að engin bein tengsl eru á milli þóknunar starfsmanna sem framkvæma lánshæfis- og greiðslumat og fjölda og/eða hlutfall samþykktar umsókna um fasteignalán til neytenda
- Skyldu starfsmanna til að tilkynna regluverði ef reynt er að hafa óviðeigandi áhrif á það hvernig starfsmaður annast hagsmunagæslu fyrir hönd umbjóðenda
- Ráðstafanir til að takmarka og/eða stjórna þeim aðstæðum þegar starfsmenn taka samtímis, eða í beinu framhaldi, þátt í mismunandi verkefnum, í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Gert er grein fyrir viðeigandi ráðstöfunum í viðauka við þessar reglur.

Sérhver framkvæmdastjóri skal tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu endurskoðaðar þegar tilefni er til, s.s. ef í ljós kemur að ráðstafanir hafi reynst ófullnægjandi, þó eigi sjaldnar en árlega.

5. VIÐBRÖGÐ VEGNA ÓFULLNÆGJANDI RÁÐSTAFANA

Ef ráðstafanir sem bankinn hefur þegar gripið til veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna umbjóðanda sé nægjanlega gætt í einstökum tilvikum, kann bankinn að grípa til sérstakra ráðstafana í samráði við regluvörð. Slíkar ráðstafanir geta m.a. falist í:

- Tímabundnum auknum aðskilnaði starfssviða, t.d. að verkefni sé unnið af starfsmönnum í sérstöku starfsrými með enn strangari aðgangsstýringum
- Sérstöku eftirlit frá regluvörslu eða utanaðkomandi aðila

Ef ekki er unnt að grípa til ráðstafana sem veita fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna umbjóðanda sé nægjanlega gætt, getur regluvörður samþykkt sem þrautaúrræði að upplýsa umbjóðanda um eðli og/eða ástæður hagsmunaréksturs áður en þjónusta er veitt ásamt lýsingu á ráðstöfunum sem bankinn hefur gripið til. Upplýsingar til umbjóðenda skulu vera á varanlegum miðli og vera nægilega ítarlegar til að gera viðkomandi umbjóðanda kleift að taka upplýsta ákvörðun um hvort hann óski þess engu að síður að bankinn veiti fyrirhugaða þjónustu.



Ef engar ráðstafanir bankans veita fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna umbjóðanda sé nægjanlega gætt og ekki er unnt að upplýsa umbjóðanda um eðli og ástæður hagsmunaárekstursins, s.s. vegna trúnaðarskyldu gagnvart öðrum umbjóðendum, er óheimilt að veita umbjóðanda þá þjónustu sem óskað er eftir. Regluverði skal tilkynnt um slíkt í samræmi við 6. gr.

6. TILKYNNINGARSKYLDA OG HÆFI

Tilkynna skal regluverði um sérhvern hagsmunaárekstur sem er greindur, ásamt upplýsingum um þær ráðstafanir sem beitt er til að stýra hverri áhættu, sbr. 3. og 4. gr.

Starfsmaður skal tilkynna regluverði án tafar ef honum verður kunnugt um hagsmunaárekstur sem hefur í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri umbjóðenda skaðist, þrátt fyrir fyrirbyggjandi ráðstafanir, sbr. 7. gr.

Starfsmaður skal tilkynna regluverði án tafar ef reynt er að hafa óviðeigandi áhrif á hann á meðan hann gætir hagsmuna umbjóðenda sinna.

Starfsmaður skal gera yfirmanni sínum tafarlaust grein fyrir sérhverjum hagsmunatengslum er kunna að skipta máli við mat á sérstöku hæfi viðkomandi til að sinna skyldum sínum, svo sem fjárhagslegum hagsmunum eða persónulegum tengslum við aðila sem hafa hagsmuna að gæta af niðurstöðu málsins. Yfirmaður skal meta hvort hagsmunirnir leiði til vanhæfi starfsmanns til að sinna viðkomandi verkefni og/eða meta í samráði við regluvörð hvort grípa þurfi til sérstakra ráðstafana til að tryggja óhlutdrægni við afgreiðslu málsins.

7. SKRÁ YFIR HAGSMUNAÁREKSTRA

Regluvörður skal halda skrá yfir tilkynningar um tilvik þar sem skapast hefur hagsmunaárekstur sem hafði í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri umbjóðenda skaðist, eða muni skaðast, sbr. 6. gr.

Í skránni skal koma fram nafn þess aðila sem tilkynnti og fullnægjandi lýsing á álitæfninu og þeim ráðstöfunum sem gripið var til vegna þessa. Við skráningu skal einnig flokka tilkynningar eftir starfssviðum og tegund hagsmunaárekstra, með hliðsjón af fyrirfram greindum hagsmunaárekstrum, sbr. viðauka við reglur þessar.

III. kafli: Innra skipulag o.fl.

8. ÁBYRGÐ OG INNRA EFTIRLIT

Sérhver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að á sínu sviði séu hagsmunaárekstrar greindir og að tilkynnt sé um þá, sbr. 3. gr. og að gripið sé til fullnægjandi ráðstafana til að stjórna mögulegum hagsmunaárekstrum, sbr. 4. og 5. gr.

Framkvæmdastjóri skal tryggja að starfsmenn fái fullnægjandi fræðslu um hagsmunaárekstra og séu ætíð meðvitaðir um skyldur sínar þar að lútandi.

Stjórnendur bera ábyrgð á því að regluvörður sé upplýstur um sérhverja mikilsverða hagsmuni sem kunna að skipta máli til að regluverði sé unnt að hafa yfirsýn og meta hugsanlega hagsmunaárekstra. Hér undir falla t.d. stærri fjárfestingar bankans eða viðskiptavina hans, upplýsingar um tilvist innherjaupplýsinga hjá bankanum eða viðskiptavininum hans og upplýsingar um eignatengsl eða önnur hagsmunatengsl milli bankans eða starfsmanna hans og tiltekinna viðskiptavina.

9. HEIMILDIR OG SKYLDUR REGLUVARÐAR

Regluvörður hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna og veitir ráðgjöf og álit í tengslum við mat á hugsanlegum hagsmunaárekstrum („árekstramat“) og mótun innra skipulags og eftirlits.

Regluvörður skal aðstoða stjórnendur við að skipuleggja viðeigandi fræðslu fyrir starfsmenn um hagsmunárekstra.

Regluvörður sér um að rannsaka grun um hagsmunaárekstra sem kann að koma upp, s.s. vegna ábendinga frá starfsmönnum, viðskiptavinum eða öðrum.

Regluvörður getur mælt fyrir um sérstakar ráðstafanir telji hann þörf í tengslum við einstök verkefni. Þá getur regluvörður takmarkað tímabundið heimild starfsmanna til að sinna tilteknum verkefnum vegna hættu á



hagsmunaárekstrum og eftir atvikum fyrirskipað að starfsmaður fari í tímabundið leyfi, ef aðrar ráðstafanir veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna umbjóðenda sé nægjanlega gætt.

Telji regluvörður að fyrirliggjandi ráðstafanir séu ófullnægjandi skal hann beina kröfu um úrbætur til viðkomandi framkvæmdastjóra, ásamt því að upplýsa bankastjóra um álit sitt. Regluvörður getur lagt bann við því að tiltekin viðskipti séu framkvæmd eða þjónusta veitt, þar til tryggt er að hagsmunir viðkomandi viðskiptavina skaðist ekki.

10. VIÐAUKI

Í viðauka við þessar reglur er gert grein fyrir þeim hættum á hagsmunaárekstrum sem hafa verið greindar og hvaða ráðstöfunum bankinn beitir í því skyni að stjórna slíkum aðstæðum svo hagsmunir umbjóðenda skaðist ekki.

Viðaukinn er órjúfanlegur hluti af reglum þessum.

11. VIÐURLÖG

Brot á reglum þessum getur varðað áminningu eða brottrekstri starfsmanns. Brot á reglum getur einnig haft áhrif á ákvörðun kaupauka viðkomandi, ef við á.

12. BIRTING, GILDISTAKA OG ENDURSKOÐUN

Reglur þessar skulu birtar á innra neti bankans og taka gildi við birtingu. Reglurnar skulu einnig birtar á vefsíðu bankans.

Regluvörður hefur umsjón með endurskoðun reglna þessara. Reglurnar skal endurskoða eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.

VIÐAUKI VIÐ REGLUR UM HAGSMUNAÁREKSTRA: GREINING Á HAGSMUNAÁREKSTRUM

Eftirfarandi eru þær aðstæður sem Arion banki hefur greint í starfsemi sinni, sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum sem hafa í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri umbjóðenda bankans skaðist.

1. Bankinn¹ eða starfsmenn² hans geta átt verðbréfaviðskipti fyrir eigin reikning á sama tíma og umbjóðendur bankans eiga viðskipti með sömu verðbréf, þ.m.t. sem mótaðilar, eða átt viðskipti sama tíma og til staðar eru trúnaðarupplýsingar um útgefanda viðkomandi verðbréfa innan bankans.
2. Bankinn kann að veita ráðgjöf er tengist verðbréfum gefnum út af bankanum, viðskiptavinum bankans eða samkeppnisaðilum bankans.
3. Bankinn eða starfsmaður hans kann að ráðleggja umbjóðanda að eiga verðbréfaviðskipti, eða framkvæma viðskipti fyrir hönd umbjóðanda í eignastýringu, þar sem bankinn, starfsmaður eða annar umbjóðandi bankans hefur sérstakra hagsmuna að gæta.
4. Bankinn eða starfsmaður hans kann að þiggja þóknun eða aðra umbun frá útgefanda verðbréfa sem umbjóðendur bankans kunna að eiga viðskipti með.
5. Bankinn hefur hagsmuni af því að umbjóðendur eigi verðbréfaviðskipti hjá Arion banka og kann að hafa hagsmuni af því að verðbréfaviðskipti séu framkvæmd með tilteknum hætti.
6. Bankinn, starfsmenn hans og umbjóðendur kunna að hafa hagsmuni af því hvernig samsöfnuðum fyrirmælum er úthlutað.
7. Bankinn kann að taka að sér að veita tveimur eða fleiri umbjóðendum, sem hafa andstæðra hagsmuna að gæta, ráðgjöf um sama andlag.
8. Starfsmaður hans kann að fá þóknun fyrir fjölda og/eða hlutfall samþykktra umsókna um fasteignalán til neytenda.

Eftirfarandi eru þær helstu ráðstafanir sem Arion banki beitir í því skyni að stjórna aðstæðum svo hagsmunir umbjóðenda skaðist ekki.

1. *Aðskilnaður starfssviða:* Reglur bankans um aðskilnað starfssviða kveða á um skyldu til að aðskilja þau starfssvið sem veita verðbréfaþjónustu frá öðrum starfssviðum. Með reglunum er komið í veg fyrir upplýsingastreymi milli starfsmanna sem stunda störf sem hafa í för með sér hættu á hagsmunarékkstrum. Þá er í reglunum einnig kveðið á um aðskilnað í stjórnun og afkomu aðskildra starfssviða. Þannig er m.a. dregið úr hættu á hlutdrægni við meðferð og afgreiðslu mála og dregið úr hættu á misnotkun trúnaðarupplýsinga í viðskiptum bankans og starfsmanna hans fyrir eigin reikning.
2. *Meðferð trúnaðarupplýsinga:* Bankinn hefur innri reglur um ábyrga meðferð trúnaðarupplýsinga, sem er m.a. ætlað að draga úr hættu á misnotkun trúnaðarupplýsinga.
3. *Besta framkvæmd:* Reglur bankans um framkvæmd fyrirmæla kveða m.a. á um skyldu bankans til að leita allra skynsamlegra leiða til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu viðskiptavinar við framkvæmd fyrirmæla um viðskipti með fjármálagerninga.
4. *Verðbréfaviðskipti starfsmanna:* Reglur bankans um verðbréfaviðskipti starfsmanna kveða m.a. á um skyldu starfsmanna til að bera fyrirhuguð verðbréfaviðskipti sín og tengdra aðila undir regluvörð. Þannig er m.a. dregið úr hættu á misnotkun trúnaðarupplýsinga og öðrum óviðeigandi verðbréfaviðskiptum.
5. *Gjafir og skemmtanir:* Reglur bankans um gjafir og skemmtanir takmarka heimildir til að þiggja og gefa gjafir og skemmtanir og krefjast þess að gjafir og skemmtanir séu tilkynntar. Með þessu er m.a. dregið úr hættunni á að gjafir og skemmtanir hafi áhrif á óhlutdrægni starfsmanna.

¹ Með „bankanum“ er í viðauka þessum einnig átt við aðila sem tengjast bankanum í gegnum yfirráð.

² Með „starfsmönnum“ er í viðauka þessum átt við stjórnarmenn, starfsmenn, eða hvern þann einstakling sem starfar undir stjórn bankans og á þátt í að veita verðbréfaþjónustu.



6. *Atvinnuþátttaka starfsmanna: Reglur bankans um atvinnuþátttöku takmarka heimildir starfsmanna til að sinna öðrum störfum samhliða störfum sínum fyrir bankann. Með þessu er m.a. dregið úr hagsmunaárekstrum milli starfsmanna og umþjóðenda hans.*
7. *Kaupaukakerfi: Í starfsreglum bankans um kaupauka er tryggt að engin bein tengsl séu milli þóknunar starfsmanna tveggja starfssviða, þar sem til hagsmunaárekstra gæti komið.*
8. *Starfskjör í tengslum við framkvæmd lánsþæfis- og greiðslumats: Tryggt er að engin bein tengsl séu á milli þóknunar starfsmanna að framkvæma lánsþæfis- og greiðslumat og fjölda og/eða hlutfalli samþykktra umsókna um fasteignalán til neytenda.*
9. *Fræðsla og ráðgjöf: Starfsmenn bankans fá reglulega fræðslu og þjálfun er varðar hagsmunaárekstra og eiga greiðan aðgang að ráðgjöf ef upp koma álitamál.*
10. *Eftirlit: Bankinn starfrækir sjálfstæða regluvörslu sem hefur eftirlit með hagsmunaárekstrum í starfsemi bankans. Regluvarsla sér m.a. um árekstragreiningu vegna útgáfu fjárfestingarannsókna, verkefna fyrirtækjaráðgjafar og viðskiptum starfsmanna og bankans fyrir eigin reikning, auk þess að hafa sjálfvirkt eftirlit með öllum verðbréfavíðskiptum sem bankinn framkvæmir.*
11. *Innra skipulag: Skipulag og verkferlar bankans hafa að geyma viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum, s.s. með því að krefjast aðkomu fleiri en eins starfsmanns við afgreiðslu mála.*